

RÉTTINDAGÆSLA FYRIR ALDRAÐA?

Kristjana Sigmundsdóttir, réttindagæslumaður
fatlaðra í Reykjavík og á Seltjarnarnesi

Sören Kirkegaard

- „Til að geta hjálpað öðrum verð ég að skilja meir en hann, en þó fyrst og fremst að skilja það sem hann skilur“



Markmið réttindagæslu

- Tekið er mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Ísland undirritaði 2007 – en ekki fullgildur ennþá.
- Lög um réttindagæslu fatlaðs fólks síðan 2011
- Markmiðið laganna er að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning við gæslu réttinda sinna og tryggja að sjálfstjórnunarréttur fatlaðs fólks sé virtur og fyllsta réttaröryggis gætt þegar brýna nauðsyn ber til að grípa inn í líf þess (nauðung og þvingun)

Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk

2011 nr. 88 23. júní

- **6. gr.** Öllum er skylt að tilkynna til réttindagæslumanns ef þeir hafa ástæðu til að ætla að brotið sé á rétti fatlaðs einstaklings. Aðstandendur fatlaðs einstaklings, persónulegur talsmaður, þjónustuaðilar, samtök fatlaðs fólks og aðrir sem vegna stöðu sinnar, tengsla eða starfa verða varir við að réttur fatlaðs einstaklings er fyrir borð borinn skulu tilkynna það réttindagæslumanni. Fatlaður einstaklingur, sem telur að réttur hans sé fyrir borð borinn, getur tilkynnt það réttindagæslumanni á viðkomandi svæði. Réttindagæslumaður skal veita hinum fatlaða einstaklingi nauðsynlegan stuðning og kanna málið að höfðu samráði við hann. Réttindagæslumaður getur einnig hvenær sem er tekið upp mál að eigin frumkvæði. Komist réttindagæslumaður að þeirri niðurstöðu að réttur fatlaðs einstaklings hafi verið fyrir borð borinn aðstoðar réttindagæslumaður hinn fatlaða einstakling við að leita réttar síns miðað við atvik máls hverju sinni og óskir hins fatlaða einstaklings.

Þrjú atriði úr lögum um réttindagæslu fyrir fatlaða sem gætu verið mikilvæg fyrir aldraða.

- Hlutverk réttindagæslumanna
- Persónulegir talsmenn
- Nauðung og þvingun

Hlutverk réttindagæslumanns.

- Hlutverk réttindagæslumanns er að veita þeim fatlaða einstaklingi, sem á erfitt með að gæta réttinda sinna sjálfur, aðstoð og ráðgjöf, telji hinn fatlaði einstaklingur eða einhver sem stendur honum nærri að réttindi hans séu ekki virt sem skyldi.
- Réttindagæslumenn skulu fylgjast með högum fatlaðs fólks á sínu svæði og koma með ábendingar til sveitarfélaga, stofnana og annarra aðila á svæðinu um það sem betur má fara.

Lög um réttindagæslu fatlaðra

- Réttindagæslumaður skal aðstoða þá sem til hans leita eftir því sem honum er unnt. Réttindagæslumanni er þó heimilt að vísa máli frá ef hann telur ekki þörf á aðgerðum þegar ljóst er að viðkomandi einstaklingur getur sjálfur gætt réttinda sinna eða ef viðkomandi einstaklingur hefur annan umboðsmann sem gætir réttinda hans í því tiltekna máli. Réttindagæslumaður skal rökstyðja þá ákvörðun sína skriflega, óski viðkomandi eftir því. Ákvörðun réttindagæslumanns má skjóta til réttindavaktar ráðuneytisins.
- Réttindagæslumaður skal kynna sig og hlutverk sitt, halda reglulega fundi með fötluðu fólki á sínu svæði og standa fyrir fræðslu fyrir fatlaða einstaklinga og þá sem veita þeim þjónustu.
- Réttindagæslumenn skulu hafa eftirlit með persónulegum talsmönnum fatlaðra samkvæmt reglugerð um persónulega talsmenn.

Réttindagæsla

- Réttindagæslumaður getur, telji hann málið þess eðlis og að fengnu samþykki hins fatlaða einstaklings, komið ábendingum um úrbætur á framfæri við hlutaðeigandi aðila og gefið honum frest til að verða við ábendingunum. Verði ekki orðið við ábendingum réttindagæslumanns og hann telur að málið sé kæránlegt til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks, skal hann aðstoða hinn fatlaða við að kæra málið og vera honum innan handar varðandi rekstur málsins sé þess óskað. Réttindagæslumaður skal meta í hverju tilviki fyrir sig, í samráði við hinn fatlaða einstakling, hvort rétt sé að tilkynna mál til ráðuneytisins

Persónulegir talsmenn

- Fatlaður einstaklingur sem er lögráða en á vegna fötlunar sinnar erfitt með að gæta hagsmuna sinna skal eiga rétt á persónulegum talsmanni
- Fatlaður einstaklingur velur sér talsmann og getur óskað eftir samráði þar um við réttindagæslumann á viðkomandi svæði

Hlutverk persónulegs talsmanns

- Hlutverk persónulegs talsmanns er að styðja fatlaðan einstakling við að taka sjálfstæðar ákvarðanir og aðstoða hann við að átta sig á þeim valkostum sem hann hefur í hvert sinn. Þjónustuveitendur og aðrir skulu ávallt kalla til persónulegan talsmann, með hinum fatlaða einstaklingi, þegar verið er að ræða málefni sem varða hagsmuni, heilsu og velferð hans

Persónulegur talsmaður

- Persónulegur talsmaður skal fylgjast með að fatlaður einstaklingur fái viðeigandi tilboð um tómstundir og fái notið tækifæra til starfsþróunar og símenntunar
- Persónulegur talsmaður skal sjá til þess að afþreying, hlutir og annað sem hann velur fyrir hönd hans sé í samræmi við áhugamál og smekk viðkomandi eftir því sem framast er unnt

Skyldur persónulegs talsmanns

- Allar ráðstafanir persónulegs talsmanns skulu gerðar í samráði við og með samþykki hins fatlaða einstaklings og einvörðungu með hagsmuni hans að leiðarljósi

Nauðung og þvingun

[V. kafli. Ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk.]¹⁾

[1\) L. 59/2012, 2. gr.](#)

[10. gr. *Bann við fjarvöktun og beitingu nauðungar.*

Öll beiting nauðungar í samskiptum við fatlað fólk er bönnuð nema veitt hafi verið undanþága á grundvelli 12. gr. eða um sé að ræða neyðartilvik skv. 13. gr. Fjarvöktun á heimilum fatlaðs fólks er bönnuð nema veitt hafi verið undanþága á grundvelli 12. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til allra þeirra sem veita fötluðu fólki þjónustu á heimilum þess og í daglegu lífi.

Þjónustuaðilum er skylt að fræða þá sem vinna með fötluðu fólki um hvað nauðung sé og til hvaða aðgerða megi grípa til þess að koma í veg fyrir að beita þurfi nauðung.]¹⁾

Skilgreining á nauðung

- „Nauðung samkvæmt lögum er athöfn sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt einstaklings og fer fram gegn vilja hans eða þrengir svo að sjálfsákvörðunarrétti hans að telja verði það nauðung þótt hann hreyfi ekki mótmælum.“

Skilgreiningar

- Til nauðungar telst meðal annars:
 - a. Líkamleg valdbeiting, til dæmis í því skyni að koma í veg fyrir að fatlaður einstaklingur skaði sjálfan sig eða aðra, eða valdi stórfelldu tjóni á eignum sínum eða annarra.
 - b. Húsnæði sem tilheyrir fötluðum einstaklingi er læst.
 - c. Fatlaður einstaklingur er læstur inni eða ferðafrelsi hans skert með öðrum hætti.
 - d. Fatlaður einstaklingur er fluttur milli staða gegn vilja sínum.
 - e. Aðgangur fatlaðs einstaklings að eignum sínum er takmarkaður eða þær fjarlægðar gegn vilja hans.
 - f. Einstaklingur er þvingaður til athafna, svo sem til að taka lyf eða nota hjálpartæki.
 - g. Valdi eða þvingun er beitt við athafnir daglegs lífs.Fjarvöktun í skilningi laga þessara er rafræn vöktun með myndavél eða hljóðnema.]¹⁾

Umönnun getur falið í sér vald

- Það er þunnt tjald á milli ofbeldis og umönnunar



Dæmi um að upplifa ofbeldi

- Að hafa ekki vald á aðstæðum sínum í daglegu lífi.
- Að aðrir eru farnir að stjórna heimilisháttum. Hverjir koma á heimilið og á hvaða tíma?
- Að vera háðum umönnuaraðila sem hefur ekki skilning á aðstæðum.
- Að umönnunaraðili fær ekki stuðning og skilning frá þjónustuaðilum.

Réttindagæsla fyrir aldraða?

Í mínum huga er enginn vafi á því að réttindagæsla hefði mikil réttindi í för með sér fyrir aldraða sem hafa samkvæmt lögum mjög lítið um sína þjónustu að segja.

“Tvisvar verður gamall maður barn“



Takk fyrir